

AUGLÝSING

um að út séu gefnir nýir 5 króna bankaseðlar samkvæmt lögum
um Landsbanka Íslands.

98

16. sept.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 5 króna seðla, með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og er talan tilfærð með bókstöfum, svo og orðin: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. LANDSBANKI ÍSLANDS. Eru þessi orð með dökkbrúnum lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í brúnletri umgjörð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Eiríkssonar, en hægra megin er mynd Jóns Sigurðssonar sem vatnsmerki í hvítum, kringlöttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 5, er táknar gildi seðlanna; er hún með móleitum lit í dökkbrúnum, ferhyrndum reit innan við umgjörðina. Á framhliðina slær ofurlitlum fjólubláum blæ. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlötti reitur með mynd Jóns Sigurðssonar sem vatnsmerki er í, vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af Landsbankahúsinu í kringlötttri umgjörð og eru upphafsstafir bankans, „L“ og „I“, skrautlega dregnir hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum og yzt er umgjörð með skrautgreinum í, en innan við hana talan 5 í hverju horni í kringlöttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með brúnum lit.

Hinir eldri seðlar, sem getur um í auglýsingu stjórnarráðs Íslands, nr. 12, frá 24. júlí 1907 og auglýsingu nr. 57, frá 9. júlí 1925, gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hér með almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 16. sept. 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.